

Takmarkað framboð af lóð- um nálægt viðskiptavinum

● Atvinnustarfsemi á hrakhólum vegna blandaðrar byggðar ● Staðsetning mikilvæg

Björn Már Ólafsson
bmo@mbi.is

„Við byggðum húsið árið 1996 og það hefur verið ansi þröngt á þingi síðan. En við höfum látið það duga og það hefur gengið vel. En þegar svona breytingar verða á hverfinu og götu-myndun verður mikil verður einfaldlega ekki hægt að koma til okkar eða frá okkur með þessi stóru og löngu tæki sem við erum að þjónusta,“ segir Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri Vörubíla- og vinnuvélarverkstöðisins í Tranavogi í Vogabyggð í Reykjavík. Fyrirtækið þjónustar viðskiptavinum í landflutningum sem eiga aðsetur á hafnar-svæðinu í Vogahöfn.

Verða að bjóða upp á lausnir

Aformuð er uppbygging blandaðrar byggðar í Vogabyggð með íbúðarhúsum í bland við atvinnuhúsnæði. Guðmundur tekur fram að hann sé hlýntur breytingunum í hverfinu. „Ég er mjög hlýntur því að verið sé að gera þessar breytingar í hverfinu sem þörf er á en þá verður að vera lausn í boði fyrir þau fyrirtæki sem þurfa að þjást vegna breytinganna.“ Segir hann staðsetningu fyrirtækisins í Vogabyggð afar mikilvæga vegna eðlis starfseminnar. „Við erum bundnir þessari staðsetningu vegna viðskiptavina okkar, sem margir hverjir stunda landflutninga. Þeir viðskiptavinir okkar eru á þessu svæði. Við höfum verið í samskiptum við Faxaflóahafnar, sem hafa átt við lóðaskort að glíma undanfarið ár. Við höfum ekki komist inn hjá þeim en það er enn ekki útséð hvernig það fer,“ segir Guðmundur og bætir við að engin svár hafi borist við erindum hans til Reykjavíkurborgar. Um-



Morgunblaðið/Eggert

Vogabyggð Formaður umhverfis- og skipulagsráðs telur mikilvægt að atvinnufyrirtæki hrekist ekki úr borginni.

sókn hans um lóð á Gylfaflöt hafi heldur ekki enn verið svarað.

Hann segir að í hverfinu séu aðallega minni íbúðarhús og verslanir sem gestu semnilega starfað áfram í blandaðri byggð. „En svo eru hér lítil búlaverkstæði sem ventanlega þurfa að fara vegna hávaðamengunar, sem verður ekki vel litið þegar þetta er orðið að íbúðarhverfi,“ bætir hann við.

Meginlínan blönduð byggð

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur, segir meginlínum vera að blanda saman íbúðarbyggð og atvinnusvæðum. Eigi það einnig við um Vogareit. „Svo getur það auðvitað verið að ákveðin fyrirtæki séu með þannig

starfsemi að þau henti ekki inn í borgarhverfi. Þá erum við með til dæmis Esjumela, sem er stórt svæði með yfir 80 lóðum. Það myndi henta vel fyrir stærri fyrirtæki. Svo má einnig nefna Gylfaflöt í því sambandi, en fyrirtæki hafa þegar sýnt því svæði áhuga. En eftir sem áður er allt Sundahafnar-svæðið risastórt svæði sem skilgreint er sem hafnar-svæði,“ segir Hjálmar. Hann telur mikilvægt að atvinnufyrirtæki hrekist ekki úr borginni í stórum stíl. „Ég hef svo dæmi sé tekið lýst því yfir með lóðarhöfum í Skeifunni vordandi uppbygginguna þar að ef það kemur í ljós eftir 10-15 ár að ekki er hægt að reka bifreiðaverkstæði þar hefur þetta verið misheppnuð uppbygging,“ segir Hjálmar.

Vogabyggð

- » Samkvæmt deiliskipulagi er Vogabyggð austan Sæbrautar íbúðar- og atvinnusvæði.
- » Gert er ráð fyrir 1.100-1.300 íbúðum eftir breytingar.
- » Gert er ráð fyrir 56.000 fermetrum af atvinnuhúsnæði.
- » Áætlaður kostnaður borgarinnar við uppbyggingu innviða er um átta milljarðar.